

---

## **Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá í Blönduósbæ og Skagabyggð**

### **Ákvörðun um matsáætlun**

---

## **1 INNGANGUR**

Þann 16. ágúst 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar lagningar á nýjum vegi, Þverárfjallsvegi (73) í Refasveit og Skagastrandarvegi (74) um Laxá í Blönduósbæ og Skagabyggð samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, RARIK og Umhverfisstofnunar.

## **2 GÖGN LÖGÐ FRAM**

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá í Blönduósbæ og Skagabyggð. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Vegagerðin, ágúst 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Blönduósbæ með bréfi dags. 6. september 2018
- Skagabyggð með bréfi dags. 7. september 2018
- Fiskistofu með bréfi dags. 7. september 2018
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvupósti dags. 17. ágúst 2018
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 4. september 2018
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 3. september 2018
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubrési dags. 3. september 2018
- RARIK með tölvupósti dags. 13. september . 2018
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. ágúst 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 4. og 19. september 2018.

## **3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF**

### **Valkostir**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að kynnt lega fyrir nýjan Þverárfjallsveg og Skagastrandarveg hafi verið valin á grundvelli umferðaröryggis- og umhverfissjónarmiða í fullu samráði við sveitastjórnir og landeigendur. Veglínan sé í samræmi við Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 og Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að gera eigi grein fyrir af hverju ekki sé unnt að nýta vegstæði Neðribyggðarveggar að einhverju eða öllu leyti til þess að ekki þurfi að taka algerlega „nýtt“ land undir veg. Að fyrirhugaðri framkvæmd lokinni verða þrjú vegir á tiltölulega litlu svæði eins og hún er kynnt í tillögunni

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að endurbygging Neðribyggðarveggar sé ekki raunhæfur valkostur hvorki að hluta né í heild. Planlega vegarins sé óviðunandi og uppfylli hvergi nærri veggönnunarreglur Vegagerðarinnar m.t.t. umferðaröryggis. Vegurinn liggja um þéttbýla sveit, nærri íbúðarhúsum og milli ræktarlanda og híbýla landeigenda. Sunnan Sölvabakka liggja vegurinn á háum bakka fast við sjó, þar sem snarbratt sé fram af. Þá hafi umferð á svæðinu aukist á undanföllum árum og fari vaxandi með aukinni ferðamennsku og þungaflutningum.

Neðribyggðarveggar verði tekinn út af þjóðvegaskrá að framkvæmdum loknum og honum skilað til landeigenda í samráði við þá og jafnaður út ef landeigendur óska. Í frummatsskýrslu muni Vegagerðin gera nánari grein fyrir því hvers vegna endurbygging Neðribyggðarveggar sé ekki valkostur.

Í frummatsskýrslu er nauðsynlegt að Vegagerðin rökstyðji ítarlega hvers vegna endurbygging Neðribyggðarveggar komi ekki til greina að hluta eða öllu leyti. Þá þarf í frummatsskýrslu einnig að rökstyðja hvers vegna aðrir valkostir á staðsetningu en aðalvalkostur voru ekki taldir raunhæfir eða uppfylltu markmið framkvæmdarinnar.

### **Lífríki í ám og vötnum**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Hafrannsóknarstofnun muni gera vettvangsrannsóknir á lífríki Laxár í Refasveit sumarið 2018 og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á það. Í frummatsskýrslu verða áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Laxár metin og gerð tillaga að mótvægisáðgerðum og /eða vöktun þar sem það á við.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að í tillögu að matsáætlun komi fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um veiðinýtingu í Laxá en þær sé að finna í árlegum skýrslum Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, um lax- og silungsveiði. Mikilvægt sé að gott samstarf verði við veiðifélag Laxár og að tekið verði mið af veiðihagsmunum á framkvæmdatíma og niðurstöður Hafrannsóknastofnunar nýttar til þess að lágmarka líkurnar á því að tjón verði á lífríki árinna við framkvæmdina. Fiskistofa bendir á að framkvæmdir við veiðivötn eru háðar leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið undir mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila á svæðinu bæði á matsáætlunarstigi og við vinnslu frummatsskýrslu. Bent er á að niðurstöður rannsókna muni m.a. verða leiðbeiningar til framkvæmdaraðila til að lágmarka tjón á framkvæmdatíma.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir rannsóknnum á lífríki Laxár í Refasveit og niðurstöðum samráðs við veiðifélag árinna um tilhögun framkvæmda m.a. við brúun árinna og meta þarf hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki árinna, hvernig standa þarf að framkvæmdinni m.t.t. að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki árinna m.a. með tímasetningu framkvæmda, gera grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum og eftir atvikum vöktun að loknum framkvæmdum.

### **Meningarminjar**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Byggðasafn Skagfirðinga hafi skráð fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, nýjum vegstæðum og efnistökusvæði.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að minjaskráning hafi ekki farið fram á öllum þeim svæðum sem kunni að verða fyrir raski á framkvæmdatíma, svo sem vegna vinnubúða, efnisgeymslu og á



efnistökustöðum sem ekki voru skoðaðir við fornleifaskráningu Byggðasafns Skagfirðinga. Kanna þurfi þessi svæði þegar endanleg staðsetning þeirra liggja fyrir.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um niðurstöður fornleifaskráningar á öllu framkvæmdasvæðinu, meta áhrif á þær vegna veglagningarinnar, efnistöku og á svæðum fyrir vinnubúðir og efnisgeymslu. Sýna þarf allar minjar á framkvæmdasvæðinu á korti eða loftmynd, fjarlægð þeirra frá fyrirhuguðum framkvæmdum og leggja mat á þá hættu sem minjum kann að stafa af framkvæmdunum.

#### 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf Vegagerðin að rökstyðja hvers vegna endurbygging Neðribyggðarvegur komi ekki til greina að hluta til eða að öllu leyti. Þá þarf í frummatsskýrslu einnig að rökstyðja hvers vegna aðrir kostir á staðsetningu vegarins en aðalvalkostur voru ekki taldir raunhæfir eða uppfylltu ekki markmið framkvæmdarinnar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir rannsóknum á lífríki Laxár í Refasveit og niðurstöðum samráðs við veiðifélag árinna um tilhögun framkvæmda m.a. við brúun árinna og meta þarf hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki árinna, hvernig standa þarf að framkvæmdinni m.t.t. að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki árinna m.a. með tímasetningu framkvæmda, gera grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum og eftir atvikum vöktun að loknum framkvæmdum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um niðurstöður fornleifaskráningar á öllu framkvæmdasvæðinu, meta áhrif á fornleifar vegna veglagningarinnar, efnistöku og á svæðum fyrir vinnubúðir og efnisgeymslu. Sýna þarf allar minjar á framkvæmdasvæðinu á korti eða loftmynd, fjarlægð þeirra frá fyrirhuguðum framkvæmdum.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 25. október 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson